




Reykjavík, 31. október 2024
USK24080013

Granaskjól 18 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 16. október 2024 var lögð fram fyrirspurn Ómars Brynjólfssonar, dags. 2. ágúst 2024, um að hækka þak hússins á lóð nr. 18 við Granaskjól og setja kvisti.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Götumynd (júlí 2022)

Skipulag í gildi

Aðalskipulag:

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu er Granaskjól 18 í skilgreindri íbúðarbyggð ÍB4.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag:

Ekkert deiliskipulag er í gildi á lóðinni og byggingarleyfisumsóknir eru því grenndarkynntar þegar við á.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa til þess að hækka þak og bæta kvistum á húsið. Engin tillaga/skissa fylgir erindinu.

Til þess að skipulagsfulltrúi geti tekið nánari afstöðu til erindisins þarf að senda inn fyrirspurn með nánari tillögu/skissu að útfærslu (umfang og útliti). Við mat á útfærslunni leggur skipulagsfulltrúi áherslu á að grenndaráhrif af breytingunum séu sem minnst.



Reykjavík



Skila þarf inn skuggavarpsmyndum sem sýna samanburð á núverandi aðstæðum og aðstæðum m.v. breytt umfang. Aðliggjandi lóðir skulu koma fram á myndunum. Sýna þarf skuggabreytingar við sumarsólstöður, við jafndægur og 1. maí.

Þótt hverfisSKIPULAG sé ekki komið í gildi fyrir Vesturbæinn bendir skipulagsfulltrúi á leiðbeiningar hverfisSKIPULAGS um þakbreytingar sem finna má á www.hverfisSKIPULAG.is. („*Þakbreytingar: Hækkun þaks og breytingar vegna kvista, þakglugga og þaksvala*“) Þar er að finna upplýsingar um það hvernig umfangs- og útlitsbreytingar í gróinni byggð eru metnar og hvernig þær eru gerðar á forsendum hússins og í samræmi við stíl þess.

Geri skipulagsfulltrúi ekki athugasemd við nánari útfærslu þegar/ef hún berst má sækja um byggingarleyfi til byggingarfulltrúa og umsóknin yrði grenndarkynnt fyrir nágrönnum.

Niðurstaða

Ekki er gerð athugasemd við að lóðarhafi sendi inn fyrirspurn með tillögu að nánari útfærslu (umfangi og útliti) ásamt því að gera grein fyrir möglegum grenndaráhrifum, sbr. umsögn. Skipulagsfulltrúi tekur afstöðu til frekari útfærslu þegar/ef hún berst.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sólveig Sigurðardóttir
arkitekt / verkefnastjóri



Reykjavík